

**Ed.**

**455. Nefndarálit**

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir telja, að undirbúningur frv. og öll vinnubrögð í því sambandi séu óviðunandi, enda upplýst af ríkisskattstjóra við meðferð málsins í nefndinni, að á því séu margvíslegir formgallar, en engin lagfæring hefur fengizt á þeim atriðum. Þá felur frv. í sér, ásamt frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem verða að skoðast í samhengi, stórauðnar álögur á meginhluta gjaldþegna, sem er að okkar mati óhæfilegt.

Frv. brýtur í veigamiklum atriðum í bága við þá skattastefnu, sem Sjálfstæðisflokkurinn telur rétta og hefur fylgt í framkvæmd undanfarinn áratug, auk þess sem vinnubrögð öll eru í ósamræmi við þann undirbúning, sem nauðsynlegt er að hafa við svo flókna löggjöf sem skipan skattamála er. Við teljum heildarendurskoðun skattkerfisins, bæði ríkis og sveitarfélaga, svo og verkaskiptingu þessara aðila ásamt samræmingu skattkerfis og tryggingakerfis nauðsynlega, svo sem hafizt var handa um í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, en vörum alvarlega við þeim flausturslegu vinnubrögðum, sem einkenna þetta frv.

Til frekari skýringar á viðhorfi Sjálfstæðisflokksins til málsins, þar sem m. a. er vikið að ýmsum meginatriðum varðandi skattamálastefnu flokksins, vísun við til nál. 1. minni hl. fjárhagsnefndar Nd.

Þar sem engin tók eru á því að bæta nú á skömmum tíma úr hinum flausturslega undirbúningi frv. og samþykkt þess mundi valda óviðunandi aukningu skattbyrði, þá leggjum við undirritaðir til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Verði sú tillaga samþykkt, þarf að breyta ákvæðum um fasteignaskatt vegna nýja fasteignamatsins. Fari hins vegar svo, að till. verði felld, munum við flytja brtt. við 3. umr. til að reyna að laga verstu annmarka frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að verða bornar og við teljum horfa til bóta á frv., enda þótt við engu að síður mælum gegn endanlegri samþykkt þess.

Með hliðsjón af tillögugerð okkar nú leggjum við til, að við álagningu skatts 1972 á tekjur ársins 1971 verði farið að gildandi lögum og reiknað með skattvísitölu 121.5 stig og frv. þessu vísað frá með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem brýna nauðsyn ber til, að heildarendurskoðun skattkerfisins sé vandlega undirbúin, en bæði undirbúningur þessa frv. og efni þess er í meginatriðum gersamlega óviðunandi, og samþykkt þess mundi hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins, telur deildin ógerlegt að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1972.

Geir Hallgrímsson,  
frsm.

Magnús Jónsson.